



## Fundarboð

**Framhaldsðalfundur Vísindafélags Íslendinga** verður haldinn **miðvikudaginn 27. apríl 2005, kl. 20:00** í Norræna húsinu í Reykjavík.

Dagskrá:

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Tillögur um lagabreytingar. Tillögur stjórnar um lagabreytingar voru kynntar á félagsfundi 23. febrúar og sendar með fundarboði fyrir aðalfund 30. mars.
3. Erindi

**Skúli Skúlason**  
líffræðingur og rektor Hólaskóla.

### Ísland sem leiksvið þróunar

Á undanförunum árum hefur áhugi á þróun fjölbreytileika lífvera og myndun nýrra tegunda aukist mikið. Niðurstöður nýlegra rannsókna sýna að hlutverk vistfræðilega þátta, svo sem gerð búsvæða og samkeppni milli tegunda, skiptir mjög miklu máli í þessu sambandi. Vegna landfræðilegar einangrunar Íslands og ungs aldurs búsvæða eftir síðustu ísöld hafa fáar tegundir numið hér land miðað við fjölda tegunda á meginlöndunum. Aftur á móti eru búsvæði og ýmsar aðrar vistfræðilegar aðstæður fyrir lífverur mjög fjölbreyttar og sérstæðar hérlendis. Hér kemur ekki síst til ung og margbreytileg jarðfræði landsins. Vegna lítillar samkeppni við aðrar tegundir hafa íslenskar lífverur einstakt tækifæri til að nýta sér hin fjölbreyttu búsvæði. Þetta getur valdið hraðri þróun breytileika innan tegunda, myndun afbrigða, stofna og jafnvel nýrra tegunda. Þetta hefur hvað mest verið rannsakað hjá ferskvatnsfiskun hérlendis, bæði bleikju og hornsílum. Þannig hafa til dæmis þróast á síðustu 10000 árum fjögur gjörólík bleikjuafbrigði í Þingvallavatni og í vatninu Galtaból hafa myndast nýjar tegundir af bleikju. Vegna einangrunar og tegundafæðar þróast líf á eyjum hratt og oft á mjög sérstæðan hátt. Þannig eru Galapagoseyjar frægar vegna uppgötvana Darwins. Þetta á svo sannarlega við um Ísland sem má með réttu nefna “leiksvið þróunar”. Hér eru einstakar aðstæður til rannsókna á þróun fjölbreytileika og myndunar nýrra tegunda. Í fyrirlestrinum verður gerð grein fyrir helstu og nýjustu niðurstöðum rannsókna á þessu sviði hérlendis. Rætt verður um þýðingu þessarar nýju þekkingar fyrir kenningar um tegundamyndun sem og umgengni, verndun og fjölbætta nýtingu okkar á íslenskri náttúru til dæmis í erfðavísindum, við skipulag veiða og í ferðaþjónustu.

*Að loknum aðalfundarstörfum er fundurinn öllum opinn. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum.*